

**Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)**

Móttakandi: Fræðslu- og tómstundanefnd  
Varðandi: Farsímanotkun grunnskólanemenda  
Unnið: Ragnhildur Jónsdóttir  
Dags.: 24.06. 2020  
Málefni: Reglur um snjalltækjanotkun í Grunnskóla Hornafjarðar

---

Úr skólanámskrá GH.

**Reglur um notkun tölva, snjalltækja og síma**

Skólinn er vel tækjum búinn og eru bekkjarsett af iPöðum á hvoru skólastigi og annað bekkjarsett af Cromebook tölum. Þá hefur verið ákveðið að nemendur í 7. – 10. bekk fái iPada til einkanota. Í haust fá nemendur í 7. og 8. bekk iPada og síðan fær hver 7. bekkur iPada eftir það. Nemendur munu nota iPadana í skólanum en óski þeir eftir því að taka þá með sér heim þá geta þeir keypt iPadana og notað þá bæði heima og í skóla.

Í 1. – 6. bekk er nemendum ekki leyfilegt að koma með fartölvur, síma eða snjalltæki í skólann. Komi þeir með tæki eru þau geymd hjá ritara eða kennara.

Í 7. – 10. bekk mega nemendur koma með fartölvur og snjalltæki í skólann en tækin eru alfarið á þeirra ábyrgð og hlíta verður sérstökum reglum varðandi notkun þeirra. Í skólanum er lögð áhersla á að leyfa nemendum að nota slík tæki í námi ef það er ávinningur af notkun þeirra og nemendur geta frekar nálgast markmið sín með þeim. Við notkun snjalltækja ber að fylgja almennum skólareglum þar með talið að sýna kurteisi og tillitssemi en vegna þess hve mörgum reynist erfitt að hafa stjórna notkun sinni hafa verið gerðar sérstakar reglur um notkun þessara tækja.

Reglur:

- Upptaka á hljóði eða mynd er óleyfileg nema með leyfi kennara og þeirra sem verið er að mynda.
- Nemandi **þarf alltaf að fá leyfi** til að nota snjalltæki í kennslustund og hafa heyrnartól í eyranu sé hann að hlusta.
- Símar skulu ávallt vera á hljóðlausri stillingu og án titrings. Þá má **aldrei** nota í kennslustundum.
- Notkun síma eða snjalltækis í prófi þýðir að notandi fær núll í prófinu.
- Þegar kennari eða starfsmaður talar við nemanda sem hefur fengið leyfi til að hlusta og er með heyrnartól í eyranu þá ber nemanda að taka það úr eyranu á meðan talað er við hann.
- Fari nemandi ekki eftir ofangreindum reglum eða fyrirmælum kennara er litið svo á að hann hafi fyrirgert rétti sínum til að vera með snjalltækið eða símann í skólanum.
- Ef nemandi hlítir ekki fyrirmælum kennara eða fer ekki eftir almennum reglum um notkun tækisins getur hann átt á hættu að tækið verði tekið af honum það sem eftir er dagsins.
- Mikilvægt er að kynna nemendum þessar reglur og rifja þær regluleg upp.